



Þjóðskrá Íslands verður til húsa í Borgartúni 21.

Þjóðskrá Íslands – sameinuð stofnun Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands tekur til starfa 1. júlí 2010

Alþingi samþykkti hinn 15. júní 2010 lög um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands og taka þau gildi 1. júlí nk. Hin nýja stofnun ber heitið Þjóðskrá Íslands og verður til húsa í Borgartúni 21. Allir starfsmenn Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands, um 85 talsins, verða áfram hjá hinni nýju stofnun.

Þjóðskrá Íslands tekur við verkefnum Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands eins og þau eru skilgreind samkvæmt lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, lögum um skráningu og mat fasteigna og tengdum lögum. Þjóðskrá hefur verið rekin sem skrifstofa í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu og Fasteignaskrá Íslands er ríkisstofnun. Frumvarp til laga um sameininguna grundvallaðist m.a. á tillögu samráðshóps sem dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, Þjóðskrá og Fasteignaskrá Íslands áttu aðild að.

Helstu verkefni

Þjóðskrá Íslands mun skrá ýmsar upplýsingar um íbúa landsins, til dæmis nöfn manna, lögheimili, hjúskaparstöðu, ríkisfang, fæðingarstað o.fl. Hún skráir einnig fasteignir í landinu og matsfjárhæðir þeirra. Veitt verður þjónusta sem tengist þessum upplýsingum, svo sem útgáfa vottorða, vegabréfa og nafnskírteina, rafrænn aðgangur að þjóðskrá, fasteignaskrá og veðbandayfirlitum fasteigna. Þá verða gefnar reglulega út upplýsingar um fasteignamarkaðinn.

Þjóðskrá

Þjóðskrá geymir upplýsingar um íbúa landsins

frá því skráin varð til í lok árs 1952. Helstu skráningarþættir eru nöfn manna, kennitölur þeirra, lögheimili og aðsetur ef við á, hjúskaparstaða, hjá hverjum börn eru skráð, fæðingarstaður og ríkisfang. Þá er haldin sérstök skrá yfir alla sem látast og hafa verið í þjóðskrá og skrá yfir erlenda ríkisborgara sem fá úthlutað kennitölu en eru ekki skráðir með lögheimili hér á landi.

Þjóðskrá sér um útgáfu nafnskírteina og vegabréfa en sýslumenn taka við vegabréfaumsóknum hér á landi. Þá eru kjörskrár vegna kosninga til Alþingis, kjörs forseta Íslands og sveitarstjórna gerðar á grundvelli kjörskrárstofna sem Þjóðskrá lætur sveitarstjórnunum í té. Sama gildir um kosningar til sameiningar sveitarfélaga og þjóðaratkvæðagreiðslur.

Fasteignaskrá

Kjarni fasteignaskrár eru upplýsingar um lönd og lóðir og hnitsett afmörkun þeirra, mannvirki við þau skeytt og réttindi þeim viðkomandi. Markmiðið er að halda trausta og rétta grunnskrá fasteigna og leiða af henni sérskrár sem stjórnvöld og almenningur hafa þörf fyrir á hverjum tíma. Skráningarkerfið er dreifstýrt og eru upplýsingar um lóðir og mannvirki

forskráðar af sveitarfélögum. Þinglýsingastjórar sýslumannsembættanna sjá um þinglýsingar eignaheimilda og annarra skjala.

Fasteignamat

Fasteignamat á að endurspegla staðgreiðsluverð fasteignar. Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið árlega og tilkynnt eigendum í júnímánuði. Nýtt fasteignamat tekur síðan gildi 31. desember ár hvert.

Brunabótamat

Brunabótamat er váttryggingarfjárhæð brunatryggingar. Það tekur til efnislegra verðmæta húseigna sem geta eyðilagst af eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Brunabótamat uppfærast mánaðarlega í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu.

Þjónusta Þjóðskrár Íslands

Þjóðskrá Íslands mun gefa út ýmis vottorð, s.s. fæðingarvottorð, vottorð um hjúskaparstöðu, sambúðarskráningu, búsetu og staðfestingu á dánardegi og matsvottorð fasteigna. Úr þjóðskrá og fasteignaskrá er miðlað upplýsingum til almennings, fyrirtækja og stjórnsýslu.

Nánari upplýsingar eru á vefslóðunum fasteignaskra.is og thjodskra.is en vefur hinnar nýju stofnunar, sem er í vinnslu, verður á slóðinni www.skra.is.

